

AUGLÝSING

um deiliskipulag Heimskautsgerðis við Raufarhöfn, Norðurþingi.

Á fundi byggðarráðs Norðurþings 17. ágúst 2017 var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi Heimskautsgerðis við Raufarhöfn. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A2 auk greinargerðar í A4 hefti. Nýtt deiliskipulag felur í sér forskrift um uppbyggingu Heimskautsgerðisins sjálfs, vegtengingum, göngustígum og bílastæðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 1. september 2017.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2017